

Breytingartillögur

við frv. til l. um Bankasýslu ríkisins.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, LMós, JRG, SII).

1. Við 2. gr.
 - a. Orðin „til fimm ára eða út líftíma stofnunarinnar verði hann skemmri en fimm ár“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Einn varamaður skal skipaður með sama hætti.
 - c. Í stað orðanna „Skal þeirri þingnefnd Alþingis sem fer með bankamál“ í 3. mgr. komi: Viðskiptanefnd Alþingis skal.
2. Orðin „til fimm ára eða út líftíma stofnunarinnar verði hann skemmri en fimm ár“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. falli brott.
3. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækjum“ í a-lið komi: fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr.
 - b. Við b-lið bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna.
 - c. Orðin „gagnvart fjármálafyrirtækjum“ í c-lið falli brott.
 - d. Við d-lið bætist: og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða.
4. Í stað orðsins „eignarhlutanna“ í 1. mgr. 5. gr. og 2. másl. 8. gr. komi: eignarhluta ríkisins.
5. Í stað orðanna „eða lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.“ í lokamáslíð 2. mgr. 6. gr. komi: lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
6. Við 7. gr.
 - a. Í stað 1. másl. 1. mgr. komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar. Valnefndin skal tryggja að í bankaráðum og stjórnnum fyrirtækja sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.
 - b. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækja“ í 1. másl. 2. mgr. komi: fyrirtækja.
 - c. 4. mgr. orðist svo:

Unnt er að bjóða sig fram til setu í bankaráðum og stjórnnum fyrirtækja með því að senda nefndinni ferilskrá sína.
7. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal Bankasýsla ríkisins gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um starfsemi sína í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2009. Í framhaldi af því gerir fjármálaráðherra Alþingi grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og hvernig til hefur tekist varðandi meðferð eignarhluta ríkisins og hverjar framtíðaráherslur ríkisins eru varðandi þá.